

Upp á kant við kverið?

Vitnisburður Klettafjallaskáldsins um fermingarfræðslu á Norðurlandi

Þessi grein á það einfalda erindi við lesendur sína að benda þeim á merkilegan vitnisburð vestur-íslenska skáldsins Stephans G. Stephanssonar (1853–1927) um fermingarfræðsluna eins og hann hafði kynnst henni heima á Íslandi. Jafnframt er reynt að skýra baksvið ummælanna: segja frá þeim dönsku fermingarkverum sem notuð voru á Íslandi langt fram eftir nítjándu öld og einkanlega því sem Stephan G. hefur greinilega lært, kennt við höfund sinn, *Balle*. Ummæli skáldsins benda til að á Norðurlandi hafi hið lögboðna fermingarkver mætt gagnrýni sem helst minnr á afstöðu danskra vakningarsafnaða, og kemur nokkuð á óvart ef sá hugmyndastrumur hefur átt mikinn hljómgrunn meðal Skagafirðinga eða Þingeyinga.

Stephan G. um kverlærdóminn

„Raddir almennings“ hét efnisþáttur í *Heimskringlu*, öðru af blöðum Vestur-Íslendinga, ætlaður fyrir aðsent efni. Undir þeirri fyrirsögn birtist, hinn 11. maí 1892, grein eftir Stephan G. Stephansson.¹ Aðalerindi skáldsins er að leggja orð í belg um mjög umrædda bók: íslenska þýðingu á barnafræðslukveri únitara. En um leið gefst Stephani tilefni til að rifja upp sinn eigin kverlærdóm heima í Skagafirði. Sú kennsla, segir hann:

endaði að lokum á því, eftir 8 og 9 vetra stagl, að unglíngunum var hleypt út í heiminn, fullan freistinga, með nokkrar þéttprentaðar arkir í kollinum af þurrum lífsreglum og ritningargreinum, snúnum hér og þar út úr bíblíunni til að sanna kirkjusetningar, á sama hátt og leikinn málfærslumaður saxar sundur og snýr upp og niður vitnisburði fyrir dómi. Manni var aldrei veittur kostur á að koma þessari innrættu trúarskoðun í samræmi við neina aðra þekkingu.²

Kverið sem Stephan lærði hefur verið „Balle“, *Lærdómsbók í evangelíske-kristilegum trúarbrögðum handa unglíngum*.³ Þar eru fyrst prentuð „Fræðin minni“ Lúthers,⁴ en meginefni bókarinnar er trúfræðslurit eftir Nicolai Edinger Balle Sjálands-

¹ „Katekismus Unitara“, *Heimskringla og Öldin* [eins og blaðið hét á því skeiði sem það var sameinað mánaðarritinu *Öldinni* undir ritstjórn Jóns Ólafssonar], 30. tbl., bls. 2. Birt í útgáfu Þorkels Jóhannessonar (eftir úrklippusafni Stephans með leiðréttingum hans) í Stephan G. Stephansson, *Bréf og ritgerðir 4: Umbleypingar*, Reykjavík: Hið íslenska þjóðvinafélag, 1948), bls. 158–163, og er þeirri útgáfu fylgt hér, greinarmerki þó færð til nútímahorfs.

² Sama rit, bls. 158–159.

³ Hér miðað við útgáfuna 1856 (Nicolai Edinger Balle, *Lærdómsbók í evangelíske-kristilegum trúarbrögðum handa unglíngum*, Reykjavík: Prentsmiðja Íslands, 1856), eina af 27 útgáfum á árunum 1796 til 1882. Tilvitnanir með nútímariðhætti.

⁴ Sama rit, bls. 5–26 (af alls 216 bladsíðum kversins), aðeins boðorðin, trúarjátningin, faðirvorið og sakramentín með skýringum Lúthers, ekki „hústaflan“ (um skyldur fólks í lífinu) sem fylgdi í eldri útgáfum.

biskup, fyrst gefið út 1791 og lengi skyldunámsefni fermingarbarna, bæði í Danmörku og á Íslandi.

Á Íslandi var ætlast til að börn lærðu kverið heima mikið til á eigin spýtur, byrjuðu að lesa það strax og þau voru orðin stautandi og héldu náminu áfram allt fram til fermingar. Þegar prestur húsvitjaði átti hann að yfirheyra börnin til að fylgjast með hvernig náminu miðaði, og mánuðina fyrir fermingu yfirheyrði hann þau „á kirkjugólfi“ í viðurvist safnaðar. Þannig annaðist prestur fermingarfræðsluna sem eftirlitsmaður eða prófdómari, ekki sem kennari. Ekki nema hann tæki fermingarbörnin heim til sín nokkra daga fyrir fermingu í raunverulega kennslu, en það fór varla að tíðkast fyrr en Stephan G. var kominn til Vesturheims.

Frá upphafi lútherskrar fermingarfræðslu var ætlast til að börnin lærðu „fræðin“ utanað. Það átti umfram allt við hina heilögu texta: faðirvorið, boðorðin, trúarjátninguna, skírnarformálann, innsetningarorð altarisakramentis. Í fermingarkverunum voru þessir textar birtir með æ rækilegri skýringum. En hvað áttu börnin að gera við skýringarnar þegar þau nutu engrar eiginlegrar kennslu? Jú, læra þær utanað líka, eftir því sem minni þeirra og iðjusemi hrökk til. Þululærdómurinn var það nám sem heimilin gátu haldið að börnunum og þá um leið það nám sem presturinn hlaut að miða yfirheyrslur sínar við. Það var sú þekking sem kynslóð Stephans G. fór með „í kollinum“ út í lífið.

Kverið ekki með öllu illt

Þótt Stephan sé ekki hrifinn af trúarbragðafræðum biskupsins álítur hann þó gamla kverið sitt „mun betra en kver sem ég hefi lesið og kennd eru hjá öðrum kirkjufélögum“.⁵ Enda þykir honum beinlínis vænt um það:

- bókina sem fyrst leysti úr minni einföldustu spurningu um alstirndan himin;
- bókina sem fyrst sagði mér að til væru á jörðinni margar milljónir manna, auk mín og minna,
- og að hver þeirra væri minn náungi og ætti jafnan rétt á kærleik og þjónustusemi,
- og engan þeirra mætti fyrirdæma þó hann tryði öðru en ég.⁶

Þarna rifjar Stephan upp fjögur efnisatriði úr kverinu, tvö hin fyrri úr heimi náttúruvísindanna. Þeim er skotið inn í textann sem smáletruðum skýringargreinum — smærri letur væntanlega tákn um að þetta þurfi ekki endilega að læra orðrétt — þar sem fjallað er um hugtakið *heimur*.

⁵ Stephan G. Stephanson, *Bréf og ritgerðir 4*, bls. 159. Stephan var víðlesinn og ekki gott að segja hvaða trúfræðslurit hann hefur kynnt sér, en hann þekkti a.m.k. til *Norsku sýnodunnar* sem sumir söfnuðir Vestur-Íslendinga tóku sér til fyrirmyndar. Sbr. frásögn Stephans sjálfs í sama riti, bls. 86–88 („Kirkjumála afskipti“ — með einkar athyglisverðri lýsingu á ágreiningi um rétt kvenna í safnaðarstarfi).

⁶ Sama rit, bls. 159 (uppsetningu breytt).

- a) Auk *sólarinnar og tunglsins* sjáum vér á himninum mikinn fjölda af *stjörnum*. Meðal þeirra eru nokkrar sem kallast *plánetur*, allt eins kringlóttir hnettir eins og vor jörð, og er ekki ólíklegt að í þeim búi margs konar lifandi skepnur. En þær *eiginlegu stjörnur* eru *sólar*, eins og sú sem skín næst oss, og upplýsa með sama hætti hnetti þá sem þeim eru nálægastir. *Tunglið* er hnöttur eins og jörðin, sem fær, eins og hún, ljós sitt af sólunni.
- b) *Á jörðunni teljast hér um tuttugu og fimm þúsundir lifandi skepna af ýmsu kyni, auk manna* sem eru tals *þúsund milliónir*⁷ — en hver ein millión er sama sem þúsund sinnum þúsund.⁸ Aðrar lifandi skepnur, sem til aðgreiningar frá mönnum kallast *skynlausar og mállausar*, skiptast í *dýr, fugla, fiska, orma, skorkvíkendi* og þær skepnur⁹ sem *lífa bæði í vatni og á landi*. Sérhvert af kynferðum þessum inniheldur margs konar tegundir sem eru hver annarri ólíkar.¹⁰

Síðari atriðin, sem Stephan nefnir, eru siðferðileg, og mun hann eiga við þessa staði í kverinu (ekki viðbótarskýringar með smálettri, eins og tilvitnuðu klausurnar hér að framan, heldur hluta af meginmáli kversins):

Sérhver maður er vor náungi og hefur sama rétt eins og bróðir til kærleika vors og þénustusemi, hvort sem hann er innlendur eða útlendur, kristinn eða gyðingur, Tyrki eða heiðingi, vinur eða óvinur, æðri eða lægri stéttar, ríkur eða fátækur ...¹¹

Og:

Vér eigum *ekki rétt á að fyrirdama nokkurn* mann þó hann hafi rangar meiningar, eður vegna þess hann er ekki sömu trúarbragða sem vér. Heldur eigum vér, eins og *sannkristnir*, að *fela vora frávilltu bræður guðs miskunn* á hendur, og gleðjast af þeirri von að þeir muni verða hluttakandi í Kristis endurlausn, ef þeir hafa vandað framferði sitt eftir þeirri þekkingu sem þeir hafa haft færi á að öðlast.¹²

Þetta kundi Stephan að meta, svo ömurlegt sem honum fannst kverið að öðru leyti. En það var víst ekki almenn skoðun:

... því frá guðfræðissjónarmiði flestra var margt af þessu óþarfa flekka [lýti] á lærdómsbók barna, sem höfundurinn hafði slett á hana af sérvisku, og margir reyttu hana upp með því að strika hana út svo trúarbragðakennslan yrði einlit.¹³

Sjónarmið „flestra“, þar á Stephan greinilega við það fullorðna fólk sem taldi sig dómþætt um slíka hluti, hvort sem hann hefur kynnst skoðunum þess í Viðmýrarsókn í Skagafirði, þar sem hann var að læra kverið kringum 1865, eða norður í Bárðardal þar sem hann átti heima unglingsárin um 1870. En á hvorum staðnum sem það var telur Stephan sig vita að „margir“ hafi „strikað út“ kafla af þessu tagi, þ.e.a.s. látið fermingarbörn sleppa þeim þegar þau lærðu kverið að öðru leyti.

Kennslubók frá upplýsingaröld

Væntanlega á það fremur við náttúruvísindakaflana að þeim hafi Balle „slett á“ kverið „af sérvisku“, því að vissulega stinga þeir í stúf við annað efni þess. En „guðfræðissjónarmið“ hefðu getað stangast á við siðferðisboðskapinn um að

⁷ Það mun einmitt láta nærri að fólksfjöldi heimsins hafi náð einum milljarði um 1800.

⁸ Skýringin á milljón er ekki í danska textanum, a.m.k. ekki eins og hann var gefinn út 1792.

⁹ Danska „Amphibier“, þ.e. froskdýr; þau hafa ekki átt íslenskt heiti um 1800.

¹⁰ Balle, *Lærdómsbók* ..., bls. 28. Sbr. dönsku útgáfuna frá 1792 (Nicolaï Edinger Balle, *Lærebog i den evangeliske-christelige Religion, indrettet til brug i de danske Skoler*, Kaupmannahöfn: Joh. F. Schultz, 1792), bls. 5–6.

¹¹ Balle, *Lærdómsbók* ..., bls. 143.

¹² Sama rit, bls. 148–149.

¹³ Stephan G. Stephansson, *Bréf og ritgerðir 4*, bls. 159.

líta á allt mannkyn sem meðbræður og vonast jafnvel eftir sáluhjálpi þeirra sem aldrei fengu að kynnast kristinni trú. Hvort tveggja er þetta auðþekkt afsprengi upplýsingarstefnunnar, enda var hún hvað mestu ráðandi í vestrænni menningu um það leyti sem Balle samdi kverið og Magnús Stephensen gaf það út á íslensku.

Nicolai Edinger Balle, 1744–1816, var danskur guðfræðingur, menntaður í Kaupmannahöfn og í Þýskalandi, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla þar til hann tók við embætti Sjálandsbiskups 1783. Tók raunar við því af tengdaföður sínum, Ludvig Harboe, þeim sem sendur hafði verið til Íslands 1741–1745 að gera úttekt á kirkjustjórn og barnafræðslu og um skeið farið með biskupsvald yfir öllu Íslandi.

Lærdómsbók Balle biskups, sem kom út í endanlegri gerð 1791, var samin sem kennslubók, ætluð einkanlega til kennslu í barnaskólum sem í Danmörku voru óðum að ryðja sér til rúms, oft með djákna prestakallsins sem kennara.¹⁴ Sem skyldunámsefni til fermingar leysti hún af hólmi fermingarkver frá tíð píetismans eftir hirðprestinn og rithöfundinn Erik Pontoppidan (síðar Björgvinjarbiskup).

Kver Pontoppidans, *Sannleiki guðbræðslunnar*¹⁵ (í daglegu tali „Ponti“), hafði fyrst komið út á dönsku 1737 og snarlega verið þýtt á íslensku, prentað í Kaupmannahöfn 1741, aftur, í mjög lagfærðri þýðingu, 1746 og síðan sex sinnum í Hólaprentsmiðju.

Um þær mundir sem *Lærdómsbók* Balle var lögboðin til fermingarfræðslu í Danmörku var hið nýstofnaða Landsuppfræðingarfélag (1794) að beita sér fyrir endurreisn Hrappseyjarprentsmiðju og flutningi hennar suður að Leirárgörðum (1795). Hún fékk rétt til að gefa út kirkjuleg rit, í ójafnri samkeppni við hina deyjandi prentsmiðju Hólabiskupa.¹⁶ Magnúsi Stephensen (1762–1833, lögmanni og síðar dómstjóra í Landsyfirrétti), sem frá upphafi var potturinn og pannan í starfi Landsuppfræðingarfélagsins, hefur verið meira en ljúft að koma út nýju fermingarkveri í anda upplýsingarstefnu. *Lærdómsbók* Balle var fyrst prentuð í Leirárgörðum 1796.¹⁷ Með konunglegri ákvörðun¹⁸ hafði Landsuppfræðingarfélaginu verið falið að gefa hana út, í þýðingu Einars Guðmundssonar (síðar prests í Noregi; hann hafði nýlokið meistaraþrófi við Kaupmannahafnarháskóla) með leiðréttingum Hannesar Finnssonar biskups.

¹⁴ Almenna skólaskyldu í Danmörku er venja að miða við löggjöf frá 1814. Áður hafði verið kveðið á um skólaskyldu í konunglegri tilskipun 1739 en slakað nokkuð á henni ári síðar. Áfram er þó hvatt til að stofna barnaskóla sem víðast í sveitum landsins en öðrum kosti skuli börn njóta fræðslu hjá djákna sóknarinnar eða hjá farkennara. Þannig voru dönsk börn í rauninni skólaskyld, a.m.k. í orði. Sjá tilskipun 29. apríl 1740 um „nærmere anordning angående skolerne på landet i Danmark“, *Kong Christian den Siettes Allerhaadigste Forordninger og Aabne Breve fra Aar 1740 til 1741*, Kaupmannahöfn, 1741, bls. 61–70.

¹⁵ Fullu nafni: *Sannleiki guðbræðslunnar. Í einfaldri og stuttri en þó ánægjanlegri útskýringu yfir þann litla barnalærdóm eður catechismum hins sæla doct. Mart. Lutheri. Innihaldandi allt það sem sá þarf að vita og gjöra er vill verða sálubólþinn.*

¹⁶ Um þá sögu má t.d. vísa á kaflann „Leirárgarðar og Beitistaðir 1795–1819“ í bók Hauks Mús Haraldssonar *Frá Hólum til Reykjavíkur: Fyrstu 300 árin í prentsögu Íslendinga*, [Reykjavík]: IÐNÚ 1992, sem aðgengileg er á vef Prentsöguseturs, slóð <https://prentsogusetur.is/upphaf-prentunar-a-islandi/>.

¹⁷ „Prentuð,“ segir á titilblaði, „eftir samkomulagi við það íslenska landsuppfræðingarfélag, á kostnað Björns Gottskálkssonar.“ Björn var orðinn aðaleigandi þess sem eftir var af Hrappseyrarprentsmiðju þegar hún var flutt suður og hefur enn talist standa fyrir rekstri hennar.

¹⁸ Sem tilkynnt var stiftamtanni og biskupum með kansellibréfi 3. október 1795, birtu í *Lovsamling for Island 4*, útg. Oddgeir Stephensen og Jón Sigurðsson, Kaupmannahöfn: Höst, 1856, bls. 225.

Skyldi hún á fjórum árum taka við af kveri Pontoppidans og vera síðan einhöfð til fermingarundirbúnings á Íslandi.

Markið sett of hátt

Eldra kverið, „Ponti“, hafði verið samið eftir gamalli hefð sem röð af einföldum spurningum og beinum svörum við þeim. Þannig var auðvelt fyrir hvern læsan mann að fylgjast með kvernámi barns; nóg var að leggja fyrir það spurningarnar og sjá hvort það kæmi ekki með svörin nokkurn veginn orðrétt. Fyrir prestinn þýddi þá ekki annað en hafa sömu aðferð; hann gat ekki ætlast til að barnið hefði fengið þjálfun í að skilja eða hugleiða það sem það lærði utanað. Slík sýndarkunnátta var lítils virði í augum upplýsingarmannsins Balle. *Lærdómsbóke* hans fylgdi stuttur formáli, eins konar kennsluleiðbeiningar,¹⁹ þar sem brýnt er fyrir „kennendunum“ að hver einasta setning í kverinu eigi „nákvæmlega og skilmerkilega að úthýðast fyrir barninu áður en það lærir nokkuð af þeim utanað.“ Sé barnið ekki svo tornæmt að sóknarprestur veiti því undanþágu, þá á það að læra kverið allt, smáletursgreinar ekki síður en annað, fletta upp ritningarstöðum sem vísað er til²⁰ og fá leiðsögn til að skilja þá. Við yfirheyrslur megi styðjast við auðkennd atriðisorð í textanum, en beinar spurningar séu ekki settar fram, enda sé reynslan „ólygnust að oft og tíðum hafa bæði kennendur og lærendur minna þenkt út í sannleikann vegna spurninganna.“ Hvað sem líður framkvæmdinni í dönskum barnaskólum, þá má fullyrða að á Íslandi höfðu þessi vel meintu kennslufræði næsta takmörkuð áhrif.

Lærdómsbóke Balle var misjafnlega tekið, bæði í Danmörku og á Íslandi. Sú gagnrýni sem helst er í minnum höfð beindist að því að bókin væri fyrir flesta nemendur bæði of löng og of þung og að guðfræðilegar röksemdafærslur hennar²¹ hentuðu ekki barnafræðslunni. Þó reyndi Balle vissulega að nota aðgengilegt orðfæri, en markmið hans er greinilega að útlista með gildum rökum öll aðalatriði lútherskrar trúfræði og það varð hvorki gert í stuttum texta né einföldum. Stephan G. hæðist að trúfræðilegum röksemdum Balle, „snúnum ... út úr biblíunni“, og ber þær saman við aðferð málflytjanda sem „snýr upp og niður vitnisburði fyrir dómi“. Sá samanburður á væntanlega einkum við viðleitni guðfræðingsins til að viðurkenna boðskap upplýsingarinnar, skynsemishyggju hennar og mannúðarsjónarmið ásamt bjartsýni á vísindi og framfarir, án þess að neitt af því varpi skugga á kennisetningar kirkjunnar eða helgisiði. Menn gátu fallist á þessa trúfræði Balle og þó fundið að aðferð hans gerði kverið býsna strembið, bæði fyrir unga nemendur og misjafnlega undirbúna kennara.

Það var þannig uppeldis- eða kennslufræðileg gagnrýni frekar en guðfræðileg sem þyngdist uns yfirvöld létu undan og leyfðu styttra kver og einfaldara (eftir

¹⁹ Balle, *Lærdómsbóke*, bls. 3–4 í útgáfunni 1856.

²⁰ Býsna ríkulega. Sama rit, bls. 31; þar er t.d. stutt skýringargrein um kraftaverk og þar vísað í samtals 126 vers í sjö köflum biblíunnar.

²¹ „Dens systematiske og analytiske tilgang til trosstoffet“ (Ove Korsgaard, Jens Erik Kristensen og Hans Siggard Jensen, *Pædagogikkens idehistorie*, Árósum: Aarhus Universitetsforlag, 2017, bls. 240).

Balslev, líka þýtt á íslensku²² og uppnefnt „tossakverið“) við hlið Balle 1856.²³ Það var þó greinilega ekki kverið sem Stephan G. hafði haft kynni af.

Vakningarguðfræði á Íslandi?

Hafi íslenskt sveitafólk strikað út úr barnalærdómi Balle einmitt þann boðskap sem Stephan tilgreinir, þá er þar á ferðinni trúfræðileg gagnrýni fremur en kennslufræðileg. Slíkri gagnrýni hafði kver Balle frá upphafi mætt í Danmörku, og þá af hálfu vakningarsafnaða, „de vakte kristne“ eins og þeir kölluðu sig á fyrri hluta nítjándu aldar. Þeir voru róttækir að því leyti sem þeir gagnrýndu hina miðstýrðu ríkiskirkju og forræði prestanna í safnaðarstarfi, en guðfræði þeirra var íhaldssöm, hafnaði áhrifum upplýsingar og skynsemisstefnu en hélt tryggð við eldri túlkun píetismans og jafnvel gamla lútherska rétttrúnaðarins. Einmitt þess vegna þráuðust vakningarmenn við að láta börn sín læra kver Balle, sem þó var lagaskylda, og komust að einhverju marki upp með það.²⁴ Þetta var kristin leikmannahreyfing (með stoð í kenningu Lúthers um „hinn almenna prestsdóm“) sem gætti mest á Jótlandi en átti hliðstæður víða, ekki síst í Noregi þar sem boðskapur trúarleiðtogans Hans Nielsen Hauge (um 1800) kom af stað öflugri vakningarhreyfingu í sveitum landsins. Á seinni hluta aldarinnar voru arftakar þessara hreyfinga á Norðurlöndum kenndir við heima-trúboð, „indre mission“. En ef þær áttu sér verulega hliðstæðu á Íslandi, og það á Norðurlandi um 1865 eða 1870, þá eru það óvænt tíðindi. Væri gaman að vita nánar hvað Stephan G. hefur fyrir sér eða t.d. hvort það var í trássi við prestana sem foreldrar tóku sig fram um að ritskoða fermingarkverið eða kannski með þeirra vitund og vilja. Þeim spurningum verður því miður ekki svarað hér.

²² Carl Frederik Balslev, *Lúthers katekismus með stuttri útskýringu: Lærdómsbók handa ófermdum ungmennum*, fyrsta útg. Reykjavík: Prentsmiðja Íslands, 1866.

²³ Ove Korsgaard o.fl., tilv. rit, bls. 236–240.

²⁴ Sama rit, bls. 215. Sjá nánar netheimildir: Ole Feldbæk, „De stærke jyder“ (síðast breytt 2012), *Danmarkshistorien på lex.dk*, slóð https://danmarkshistorien.lex.dk/De_stærke_jyder; Rikke Holst, „De gudelige forsamlinger, 1800–1849“ (síðast breytt 2020), *Danmarkshistorien.dk* (á vegum Árósháskóla), slóð <https://danmarkshistorien.dk/vis/materiale/de-gudelige-forsamlinger-1800-1849/>; Pernille Østergaard Hansen, „De religiøst opvakte protesterede mod kirken“ (birt 2009). *Kristendom.dk* (á vegum Kristeligt Dagblad), slóð <https://www.kristendom.dk/kirkehistorie/de-religiøst-opvakte-protesterende-mod-kirken>.